

Nd. **387. Nefndarálit** **[15. mál]**
um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft um nokkurt skeið til meðferðar frumvarp til staðfestingar á bráðabirgðalögum nr. 90 16. júní 1976, um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Nefndarmenn eru allir sammála um afgreiðslu þessa máls, enda um leiðréttingar að ræða.

Í janúar barst nefndinni erindi frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna með ályktun frá aðalfundi samtakanna, sem haldinn var dagana 8.—10. des. 1976, um breytingar á framangreindum lögum frá 31. maí og 16. júní 1976.

Hélt nefndin fund með fulltrúum L. Í. Ú. sem skýrðu þær átta óskir um breytingar sem fram komu í ályktun aðalfundarins.

Í nefndinni voru skiptar skoðanir um erindi þetta og þótti sumum nefndarmönnum skammt liðið á nauðsynlegan reynslutíma gildandi laga. Þau hefðu náð fram vegna viðtæks samkomulags meðal ólíkra hagsmunahópa til sjós og lands, útgerðarmanna, sjómanna og fiskverkenda auk þeirra mörgu, sem héldu fram hinum staðbundnu hagsmunasjónarmiðum. Þá væri kunnugt um fjölda óska um þýðingarmiklar breytingar frá sjómönnum og útvegsmönnum, sem enn væru til skoðunar þ. á m. hjá Hafrannsóknastofnuninni. Var sú skoðun áberandi í nefndinni, að þegar fjallað væri um jafnvíðkvæmt mál og umrædd lög ætti að varast að líta á þau eins og hlífðarfat, sem farið væri úr og í eftir stundarhagsmunum ákveðinna hópa.

Nefndin tók þá ákvörðun að senda málið til umsagnar nokkurra aðila. Það var m. a. sent til Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, þótt nm. væri vel kunnugt um aðild þess félags að L.Í.Ú. Þetta var gert vegna þess að n. var kunnugt um, að ein þeirra breytinga, sem L.Í.Ú. leggur til, mundi hafa í för með sér, ef samþykkt yrði, að allstórt svæði vestur af Snæfellsnesi yrði lokað fyrir veiðum togara sem eru meira en 39 metrar á lengd. Um er að ræða veiðisvæði, sem togarar úr Reykjavík og Hafnarfirði hafa nýtt nær alfarið frá því að togveiðar hófust hér við land. Með samþykkt þessari yrði í raun ákveðið, hvort fiskur sá, sem veiddur er á ákveðnu svæði á vetrarvertíð, yrði veiddur af stórum togurum eða litlum, á línu eða net.

Í svari F.Í.B. kom það fram, að fullkominn stuðningur félagsins við mál þetta lægi fyrir, bæði hjá fulltrúum F.Í.B. í sambandsstjórn svo og hjá fulltrúum allra útgerðarfyrirtækja F.Í.B. sem aðalfund sóttu. Formaður n. færði mál þetta í tal við talsmenn nokkurra togaraútgerðarfyrirtækja í Reykjavík, og var ekki annað á þeim að heyra en að þeir létu sér þessa breytingu lynda.

Stjórn Fiskifélags Íslands hefur tjáð n. með bréfi 16. febr. s.l., að hún mæli með umræddum breytingum. Nokkrir stjórnarmenn létu þó þá skoðun í ljós, að breytingarnar, sem óskað er eftir undir F-lið, mætti auðveldlega framkvæma með breytingum á reglugerð.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kom fram eindregin andstaða gegn rýmkun togveiða við Norðurland, en hún taldi sig eftir atvikum geta fallist á þá rýmkun sem farið er fram á við Suðausturland og Suðurland því hún muni ekki hafa í för með sér almenna aukningu sóknar í smáþorsk.

Í bréfi sínu til Hafrannsóknastofnunarinnar óskaði nefndin álits um það, hvort ekki væri tímabært að veita heimildir til dragnótaveiða svo kolastofninn verði betur nýttur, og ef álit stofnunarinnar væri jákvætt, að gera tillögur um hvar, á hvaða tíma og um bátafjölda. Við þessari fyrirspurn kom ekkert svar.

25. febr. s.l. boðaði sjávarútvegsráðherra til fundar með nefndarmönnum sjávarútvegsnefnda beggja deilda Alþingis og ræddi þar m. a. tillögur L.Í.Ú. og breytingar sem ráðuneytið vildi koma á framfæri. Í bréfi ráðuneytisins til sjávarútvegsnefndar Nd., sem dagsett er 4. mars s.l., er þess farið á leit við nefndina að hún flytji breytingartillögur við frv. það sem fyrir Nd. liggur. Nefndin hefur orðið við þessari ósk og flytur breytingartillögur þessar á sérstöku þskj. Í þessum tillögum er markverðast, að ráðuneytið tekur ekki undir till. L.Í.Ú. um rýmkun togveiða við Norðurland þótt farið sé að öðrum till. þeirra. Ráðuneytið leggur auk þess til breytingar við 8. gr. laganna um lengingu á þeim tíma, sem skyndilokanir geta staðið (úr 3 sólarhringum í 7) og aðrar nauðsynlegar breytingar við þessi ákvæði.

Eru nefndarmenn sammála um að mæla með þessari breytingu við 8. gr. svo og frumvarpinu sjálfu. Um aðra liði í breytingartillögum þessum hafa nefndarmenn

óbundnar hendur og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 15. mars 1977.

Pétur Sigurðsson,
form., frsm.

Guðl. Gíslason.

Sverrir Hermannsson,
fundaskr.

Garðar Sigurðsson.
Tómas Árnason.

Sighvatur Björgvinsson.

Jón Skaftason.